



# panthera

## Notkunarleiðbeiningar

### S2, S2 short og U2 hjólastóll

**Panthera S2 og U2** eru hjólastólar sem eru hannaðir þannig að auðvelt sé að komast um í þeim. Það er þægilegt er að sitja í þeim. Stólarnir er hannaðir með það í huga að það sé auðvelt að lyfta þeim í bíl. Rammi stólanna er eins þröngur og hægt er og eru hjólastólarnir með þeim léttustu sem eru á markaðnum í dag. Það er nauðsynlegt að þú sjáir til þess að stóllinn þinn sé rétt stilltur þannig að hann henti þér og þínum þörfum. Hér á eftir fara leiðbeiningar um stillimöguleika stólsins sem er nauðsynlegt að þú lesir gaumgæfilega þar sem mikilvægar upplýsingar fyrir þig og öryggi þitt eru í textanum. Ef þú ert ekki sátt/sáttur við stillingu stólsins eða ef hann hefur á einhvern hátt verið rangt afgreiddur vinsamlegast hafðu **strax** samband við Eirberg ehf. í síma **569 3100**.

#### Taka stólinn í bíl

Þú byrjar á því að taka afturhjólin af stólnum og halla bakinu framávið.

**Afturhjólin** eru tekin af stólnum með því að ýta inn pinnanum fyrir miðju hjólsins (quick release button). Þú dregur hjólið út (að þér). Þegar þú setur hjólið í aftur þá ýtirðu fyrst pinnann inn og síðan seturðu öxulinn í gatið í hjólnáíð (axle housing). Slepptu síðan pinnanum og athugaðu að hann þrýstist út. Togaðu í hjólið til þess að athuga hvort það hafi festst (sjá mynd 2).

**Bakið** er hægt að fella niður og framávið með því að toga í vírinn sem er festur við læsinguna að aftanverðu. Þegar þú setur bakið síðan aftur í lóðréttu stöðu þá ýtirðu því eins langt aftur og hægt er og læsingin á að smella sjálfkrafa (pinninn festist í gat á bakinu). Athugaðu að bakið sé alveg fast.

#### STILLINGAR

Mikilvægt er að framkvæma hlutina í réttri röð þegar þú vilt ná sem bestri setstöðu og bestum stillingum á hjólastólnum. Fyrst af öllu ættir þú að stilla setstöðuna rétt og síðan skaltu stilla jafnvægi stólsins til þess að hann veiti þér sem besta aksturseiginleika. Þú verður að framkvæma eftirfarandi í réttri röð:

- strekkingu á setunni
- hæð á fótafjöllum
- strekkingu á kálfabandi
- hornið/vinkillinn á bakinu
- strekkingu á bakdúknum
- jafnvægispunkt hjólastólsins
- stöðu bremsanna

#### A) Strekking á setunni

Aftasta hluta setunnar er hægt að strekkja og slaka með því að losa um franska rennilásinn undir sætinu. Sjá mynd 1. Þetta þýðir að þú getur stillt hversu hátt þú situr, um það bil 2cm, ofar eða neðar.

**B) Hæð á fótafjöllum**

Fótafjalirnar (fótbogann) er hægt að stilla í hæð. Þú þarft að fjarlægja skrúfurnar af framrörninu. Notaðu sexkant no.3 til þess að losa þær, sjá mynd 3. Síðan getur þú hreyft rörin upp og niður til þess að festa þau í þeirri hæð sem hentar þér best (5 möguleikar). Þú átt að hafa fótafjalirnar þannig stilltar að lærin hafi stuðning af setunni og á sama tíma hafi fæturnir stuðning af fótafjöllum.

**C) Strekking á kálfabandi**

Kálfabandið er hægt að strekkja og stillingin ákveður hversu framarlega þú vilt setja fæturna á fótplötuna. Sú spenna sem hentar þér fer eftir hversu langir fótleggir þínir eru.

**D) Vinkill á baki (halli/horn)**

Þú getur stillt hallann á bakrörunum með því að skrúfa fyrst gráu skrúfuna aftantil við bakrörin svo að losni um pinnann sem er í gati á baklæsingunni þannig að hann sé ekki fyrir og síðan skrúfa skúfurnar sem stilla bakið. Það sem þú þarft að gera er eftirfarandi: Þú losar um um baklæsinguna með því að toga í vírinn (mynd 5. 18) og fellir bakið framávið. Skrúfaðu skrúfurnar lausar (mynd 5. 17) og losaðu þær aðeins með því að nota sexkant númer 5. Síðan snýrðu svarta stykkinu með stillipinnanum (mynd 5. 16) niður þannig að pinninn sem læsir sé ekki í gatinu. Notaðu lykili no.19. Gerðu þetta báðum megin. Nú geturðu stillt hallann á bakinu með því að losa um festiskrúfuna sem er upp við áklæðið (mynd 5. 23) með lykili no. 13, skrúfaðu eða hertu stilliskrúfuna (mynd 5. 24) með því að nota sexkant no. 5. Ef þú losar um stilliskrúfurnar, munu bakrörin halla fram en ef þú herðir skrúfurnar þá munu rörin á bakinu halla afturábak. Það er grundvallaratriði að þú stillir jafnt báðum megin þannig að bakið jagist ekki (sé laust). Þú getur athugað þetta með því að setja bakið í upprétta stöðu og skoðað hvort báðar skrúfurnar falli að rammanum. Finndu þann bakhalla sem hentar þér og hertu síðan allar skrúfurnar og settu stillipinnann í gatið. Hertu skrúfurnar. Gerðu það sama báðum megin mynd 5.

**E) Strekking á bakdúknum**

Þú getur ákveðið stífleikann á bakinu með því að strekkja eða losa um franska rennilásinn aftantil á bakinu. Neðsti hluti bakdúksins er festur undir sætið. Þú getur fært þennan hluta framar eða aftur til að finna bestu strekkinguna fyrir neðri hluta bakdúksins. Með því að stilla bakið geturðu fundið þægilegustu stöðuna fyrir lögunina á bakinu þínu þannig að þú fái þann stuðning sem þú þarft. Byrjaðu á að losa um franska rennilásinn og sestu vel aftur í stólinn. Strekktu síðan böndin þannig að þú fái góðan stuðning. Ef þú hefur á tilfinningunni að þú getir ekki setið eðlilega og þægilega þá getur það verið að neðri hluti baksins sé of strekktur undir sætinu. Þá verður þú að losa og slaka á strekkingunni.

**F) Jafnvægi hjólastólsins (mynd 6)**

Þú getur stillt jafnvægi hjólastólsins með því að færa afturhjólin aftur eða fram. Eftir því sem þyngdin er sem næst miðjum öxli afturhjólans því léttari verður stóllinn í notkun (akstri). Honum er hinsvegar hættara á því að velta afturábak. **Þá er mikilvægt að nota veltivörnina á stólum sem varnar því að hann velti aftur fyrir sig.** Stóllinn verður auðveldari í akstri og einfaldara að lyfta honum upp að framan t.d. þegar farið er yfir hindaranir svo sem þröskulda, gangstéttarbrúnir osfr. Það er mikilvægt að gefa sér tíma og finna jafnvægisþunktinn sem hentar þér og líkama þínum og aksturslagi, þannig að stóllinn verði auðveldur í akstri án þess að velta aftur fyrir sig. Þú ættir að sjá til þess að einhver standi fyrir aftan þig þegar þú ert að prófa stólinn eftir að þú hefur stillt jafnvægi hans.

**Þú færir afturhjólin eins og hér (mynd 6)**

Fyrst tekurðu afturhjólin af. Síðan losarðu neðri rónna (2) með lykili no. 22, næst losarðu rónna fyrir hjólafestinguna (1) með lykili no. 15, báðum megin. Núna geturðu fært hjólaöxulinn aftur og fram (3) á lárétta rörinu. Það er mjög mikilvægt að þú hafir festingarnar jafnar á báðum hliðum stólsins. Þú getur fundið það með því að mæla með málbandi fjarlægðina frá lóðrétta rörinu á stóllrammanum. Þegar þú herðir á festingunni til að fá hana á réttan stað áttu alltaf að herða rónna (2) á báðum hliðum fyrst, síðan herða M10 rærnar (1) á báðum hliðum. **Þessi aðgerð er mjög mikilvæg og að hjólin séu vel hert og á réttan hátt.**

**G) Staðan á bremsum**

**Háar bremsur (mynd 8)**

Bremsurnar eiga að vera stilltar þannig að þær þrýstist inn í dekkið þegar þær eru læstar upp. 5mm. Þetta gerirðu með því að losa upp skrúfklemmu bremsunnar með lykli no. 10 og fals no. 4 og síðan með því að ýta bremsunni fram eða aftur eftir setrörinu á rammanum. Finndu bestu stöðuna og hertu skrúfunu.

#### **Annarrar handar bremsa (aukahlutur) (mynd 7)**

Þessi bremsa er fest undir sætið, en það er mjög mikilvægt að þessi bremsa sé eins stillt á báðum hliðum (sama fjarlægð). **ATHUGAÐU! Þegar að loftið í dekkjunum er farið að minnka eða ef þú breytir um dekkjagerð þá breytist einnig virkni bremsunnar.**

#### **Góður stóll sem er ekki rétt stilltur fyrir þann sem notar hann er slæmur stóll**

Viðleitni þín til þess að stilla stóllinn skilar sér í auðveldari notkun hans í framtíðinni. Prófaðu mismunandi stillingar í nokkra daga og vertu viss um að þú hafir fundið réttu setstöðuna og réttu jafnvægisstillinguna.

### **GANGI ÞÉR VEL !**

#### **Viðhald**

Pantera hjólastóllinn þinn þarf nánast ekkert viðhald. Þó er vert að huga að nokkrum hlutum og fara yfir þá reglulega. Það segir sig sjálfst að ef þú notar stóllinn mikið í aur/bleytu, salti eða sandi þá þarftu að þrifa hann vel og fara yfir hann skv. neðangreindu.

#### **Einu sinni í mánuði ættir þú að huga að eftirfarandi þáttum:**

- **Þrifa rammann** með því að nota shampó eða léttan þvottalög og raka tusku. Ef stóllinn er mjög skítugur þá ber að nota fituleysanleghreinsiefni.
- **Hreinsa framhjólafestingar** við gaffalinn (milli hjóls og gaffals). Það er algengt að hár og ryk setjist á þetta svæði sem getur skemmt legurnar. Losið rónna með lykli no. 10 og haldið skrúfunni með lykli no. 10. Ýttu skrúfunni út og taktu hjólið af. Hreinsaðu svæðið milli hjólsins og gaffalsins og þurrkaðu af legunni með tusku. Kreistu dropa af olíu í hvora legu fyrir sig. Settu saman alla hlutina.
- **Smyrja öxla afturhjólanna með olíu eða feiti.** Taktu afturhjólið af og kreistu nokkra dropa af olíu yfir öxulinn. Ef þú ert úti í rigningu eða aur eða tekur afturhjólina sjaldan af ættir þú að smyrja öxlana oft.
- **Pumpaðu í dekkinn reglulega**, þau þola þrýsting upp að 8 kílóum.
- **Farðu yfir allar skrúfur og bolta**, hertu ef nauðsynlegt er
- **Athugaðu hvort stóllinn þinn er skemmdur.** Ef skemmd á sé stað, hafðu þá samband við Hjálpartækjamiðstöð TR eða Eirberg ehf.

#### **Tvisvar á ári þarf að fara yfir eftirfarandi hluti:**

- **Smyrja olíu á festingar í bremsum.**
- **Smyrja olíu á skrúfuhólka á samskeytum festingar á baki.** Skrúfa rónna með lykli no. 10 og halda boltanum með lykli no. 10. og smyrja á nokkra dropa af olíu.
- **Áklæði stólsins má þvo í þvottavél** á 30° ef nauðsyn þykir.


Mynd 1. Franskur rennilás á setu



Mynd 2. Pinni fyrir snögglosun




Mynd 3. Skrúfa til þess að lengja fótafjöl




Mynd 4. Kálfaband



Mynd 5. Baklæsing



Mynd 6. Mæling á fjarlægð til að finna jafnvægispunkt



Mynd 7. Annarrar handar bremsa



Mynd 8. Há bremsa



# panthera

## Mikilvægar ábendingar

Hjólastóll eins og Panthera S2 og/eða U2 er hannaður með það í huga að það sé eins auðvelt að komast um í honum og mögulegt er. Stóllinn er auðveldur í meðförum og bregst lipurlega við „skipunum“ notandans, annars væri ekki auðvelt að aka honum. Ef ranglega er brugðist við og ekki notuð veltivörn, getur stóllinn fallið (tipað) aftur fyrir sig. Það er útilokað að vara við öllu því sem getur komið fyrir. Mikilvægast er að prófa stóllinn vel og gefa sér tíma til að þjálfra tæknina við að nota hann. Ef þú vilt spyrja einhvers um tæknina við að nota hjólastól skaltu hafa samband við þann sem útvegaði þér stóllinn eða þjálfara þinn. Ef þessir aðilar geta ekki aðstoðað þig er þér velkomið að hafa samband við okkur hjá Eirbergi ehf. Við búum yfir langri reynslu af daglegri notkun hjólastóla.

Við leggjum áherslu á nokkur öryggisatriði.

### **Athugaðu jafnvægi stólsins, er hættu á veltu?**

Staða afturhjóra, halli baks og stilling á bakdúk eru þeir þættir sem hafa mest áhrif á hvort stólnum sé hætt við að velta aftur fyrir sig eða ekki. Þegar búið er að stilla stóllinn ber að tryggja að notandinn sé búinn að átta sig á jafnvægi stólsins. Ef þú ert óörygg(ur) skaltu nota veltivörn eða færa hjólin aftar.

### **Aðrir mikilvægir þættir sem auka hættu á veltu**

Taska sem hangir á baki, þegar maður hallar sér eða teygir sig aftur á bak, slitin dekk, lítið loft í dekkjum, ófyrirséðar breytingar á undirlagi.

### **Hemlar/bremsur**

- Ef þú notar háhemla skaltu gæta þess að festa ekki puttana þeim í þegar verið er að ýta stólnum.
- ef þú notar háhemla og ert að færa þig til hliðar í eða úr Panthera hjólastólnum þínum, þarftu að geta lyft þér yfir hemlana svo þú festist ekki í þeim.
- Ef þú notar lághemla og getur staðið, gættu þín þá að losa ekki um hemlana með hælunum.
- Mundu að hemlarnir virka ekki eins vel og þeir geta gert ef lítið loft er í dekkjunum eða þau eru slitin.
- Ef þú skiptir um dekkjagerð skaltu alltaf athuga hemlana því stærðir geta verið breytilegar.
- Hemlarnir eru stöðuhemlar en ekki ætlaðir til þess að hemla á ferð.

**Staða sætis**

- Röng staða sætis getur valdið álagsmeiðslum. Ef eitthvað er óljóst skaltu hafa samband við þann sem seldi þér stóllinn eða þjálfara þinn.
- Gættu þess að hliðarhlífar þrýstist ekki of fast að lærum. Ef það gerist er stóllinn annað hvort of þröngur eða það þarf að stilla hliðarhlífarnar. Þetta getur valdið álagsmeiðslum.
- Ætlast er til þess að sessa sé í sætinu.

**Meðferð**

- Ef lítið bil er á milli lægsta hluta fótafjalar og yfirborðs (minna en 40 mm), getur fótafjölín rekist í ósléttur á yfirborðinu og þú kastast fram úr stólnum.
- Ef þér er ekið eða ef þú ekur sjálf(ur) yfir gangstéttarbrún og veltivörnin er á getur hún rekist í brúnina og þú kastast fram úr stólnum. Ef þú ert ekki viss skaltu taka veltivörnina af og/eða leita aðstoðar.

**Flutningur / að lyfta**

- Stóllinn er mjög léttur og getur því færst til hliðar þegar verið er að setjast í hann frá hlið. Ef þú ert óörugg (ur) skaltu fá þjálfun hjá viðurkenndum leiðbeinanda.
- Sé hjólastólnum lyft og notandinn situr í honum ætti alltaf að lyfta honum með því að halda í grindina, ekki bakið, handföngin, hjólin eða aðra hluta stólsins.

**Tækniskoðun**

- Þegar stóllinn hefur verið stilltur fyrir þig skaltu kanna hvort allar skrúfur og rær séu hertar nægilega.
- Gakktu alltaf úr skugga um að afturhjóla séu tryggilega fest eftir að búið er að skipta um þau.

**Seljandi:****Eirberg**

Stórhöfða 25  
110 Reykjavík  
Opíð 9-18 alla virka daga  
Sími 569 3100

**Framleiðandi:****panthera**

[www.panthera.se](http://www.panthera.se)

Fax 569 3101

Netfang : [eirberg@eirberg.is](mailto:eirberg@eirberg.is)

Veffang : [www.eirberg.is](http://www.eirberg.is)